

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/2322****2020/EES/5/06****frá 19. desember 2016****um snið yfirlýsingar um verklok endurvinnslu skipa sem krafist er samkvæmt reglugerð
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB ⁽¹⁾, einkum b-lið 3. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) nr. 1257/2013 er mælt fyrir um kröfur til skipaendurvinnslufyrirtækja, skipaendurvinnslustöðva og rekstraraðila skipaendurvinnslustöðva varðandi endurvinnslu skipa sem sigla undir fána aðildarríkis Sambandsins.
- 2) Rekstraraðili skipaendurvinnslustöðvar skal, þegar endurvinnslu skips er að öllu leyti eða hluta til lokið skv. c-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, senda stjórnvaldinu, sem gaf út vottorðið um tiltækileika til endurvinnslu fyrir skipið, yfirlýsingu um verklok innan 14 daga frá lokadagsetningu endurvinnslu að hluta til eða öllu leyti í samræmi við endurvinnsluáætlun skipsins. Snið yfirlýsingarinnar um verklok skal vera í samræmi við 7. viðbæti við alþjóðlega Hong Kong-samninginn um örugga og umhverfisvæna endurvinnslu skipa, sem var samþykktur í Hong Kong 15. maí 2009 (hér á eftir nefndur Hong Kong-samningurinn).
- 3) Endurvinnsla skipa skv. 6. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 er starfsemi sem miðar að sundurhlutun skipa, algerri eða að hluta til. Því er þörf á yfirlýsingu um verklok endurvinnslu ef um er að ræða sundurhlutun að hluta til. Snið yfirlýsingar um verklok á við staka skipaendurvinnslustöð. Ef um er að ræða sundurhlutun staks skips sem fer fram á nokkrum stöðvum þarf sérstaka yfirlýsingu um verklok fyrir hverja stöð sem kemur að ferlinu.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um reglur um endurvinnslu skipa sem komið var á fót skv. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Yfirlýsingar um verklok endurvinnslu skipa, sem krafist er skv. c-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, skulu vera í samræmi við sniðið sem sett er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

*2. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 19. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. tíð. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 117. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stj. tíð. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 1.

VIÐAUKI

YFIRLÝSING UM VERKLOK ENDURVINNSLU SKIPA
samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um
endurvinnslu skipa

Skjal þetta er yfirlýsing um verklok endurvinnslu skipa fyrir

.....

(Heiti skipsins þegar tekið var við því til endurvinnslu/við afskráningu)

Upplýsingar um skipið eins og tekið var við því til endurvinnslu

Einkennisnúmer eða einkennisstafir	
Skráningarhöfn	
Brúttótonn	
IMO-númer	
Nafn og heimilisfang skipseiganda	
IMO-auðkennisnúmer skráðs eiganda	
IMO-auðkennisnúmer fyrirtækis	
Smíðadagsetning	

ÞETTA STAÐFESTIR AÐ:

Skipið hefur verið endurunnið í samræmi við endurvinnsluáætlun skipsins og við reglugerð (ESB) nr. 1257/2013 hjá

.....
(Heiti og staðsetning viðurkenndrar skipaendurvinnslustöðvar)

og að endurvinnslu skipsins, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1257/2013, var lokið

(dd/mm/áááá)
(Dagsetning verkloka)

Útgefið í
(Útgáfustaður yfirlýsingar um verklok)

(dd/mm/áááá)
(Útgáfudagur)

(Undirskrift rekstraraðila eða viðurkennds fulltrúa skipaendurvinnslustöðvarinnar)
